

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

Fundarboðandi:	Starfsmaður f.h. formanns	Fundarstaður:	Fjarfundur/Teams
Fundarstjóri:	Auður Lilja Arnþórsdóttir	Dagsetning:	25.01.2023
Fundarritari:	Esther Hermannsdóttir	Fundartími:	13:00-14:30
Gerð fundar:	Fjarfundur		
Fjarverandi:	Sigurborg Daðadóttir		
Þátttakendur:	Auður L. Arnþórsdóttir (staðgengill yfirdýralæknis), Hilmar Vilberg Gylfason (fulltrúi Bændasamtaka Íslands), Katrín Andrésdóttir (fulltrúi Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ) og Anna Berg Samúelsdóttir (fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands)		

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Dýr á þjóðvegum – bréf Jóns G. Péturssonar. Bókun
3. Vanræksla dýra í Borgarfirði – Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi SDÍ. Bókun
4. Vinnureglur fagráðs.
5. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerðir frá 29. nóvember og 12. desember 2022 bornar upp til samþykkis/synjunar.

Staðgengill yfirdýralæknis vék af fundi áður en umræður hófust um 2. og 3. lið í samræmi við ákvörðun yfirdýralæknis á síðasta fundi fagráðs.

2. Dýr á þjóðvegum – Bókun.

Ályktun Fagráðs um velferð dýra varðandi lausagöngu sauðfjár við þjóðvegi.

„Í september 2022 barst Matvælastofnun (MAST) erindi frá Jóni G. Péturssyni, Ægissíðu, Snæfellsbæ, um lausagöngu sauðfjár við þjóðvegi á Íslandi, velferð þessara dýra í ljósi þess fjölda sem keyrt er á hvert sumar og ábyrgð eiganda þeirra.

Fagráð um velferð dýra hefur á tveimur fundum rætt ítarlega um erindi Jóns og þær tillögur sem hann leggur fram. Í erindinu kemur fram að Jón telur að ráðstafanir varðandi þessi mál séu nauðsynlegar fyrir framtíð sauðfjárræktar á Íslandi.

Fagráð um velferð dýra tekur undir með Jóni að grípa þurfi til aðgerða varðandi lausagöngu sauðfjár við þjóðvegi.

Fagráðið leggur til að MAST, sem umsjónaraðili dýravelferðarmála á Íslandi, taki forystu í að kalla saman þá aðila á landinu sem hafa með þessu mál að gera. Í framhaldinu verði stofnaður nokkurs konar stýrihópur sem mun vinna að skýrum tillögum til stjórnvalda um mögulegar úrbætur.

Fyrsta verkefnið er vafalaust að taka saman eins nákvæmar tölulegar upplýsingar um umfang vandans og mögulegt er. Þá verði einnig reynt að bera saman landsvæði til að fá fram hvort vandinn sé ef til vill mismunandi alvarlegur milli sveitarfélaga og hvort einhvers staðar hafi náðst árangur í að tryggja öryggi sauðfjár í námunda við umferð.

Í umræðum fagráðsins benti fulltrúi Bændasamtaka Íslands (BÍ) í fagráðinu á að sveitarfélög og aðrir geti sótt um fjármagn til uppbyggingar og viðhalds á girðingum á stofn- og tengivegum í gegnum Vegagerðina. Lítið hafi þó borið á því að það sé auglýst og of lítið sé sótt um þetta fjármagn. Bændasamtök Íslands hafi

staðfestar upplýsingar um að þessi mál séu í sérstaklega góðum farvegi þar sem sveitarfélög hafa gert sérstaka samninga, með aðkomu landeigenda, við Vegagerðina.

Þá vakti fulltrúi BÍ einnig athygli á 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem kemur fram að lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði, sé bönnuð. Veghaldara sé heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda. Fagráðið vill að lokum beina því til MAST að stýrihópurinn skoði einnig ítarlega hvort ráðist skuli í þá tillögu sem Jón G. Pétursson leggur fram í erindi sínu um að betri kynning fari fram á því að umráðamenn bera lagalega ábyrgð á velferð kinda sinna.

Fagráð um velferð dýra hefur mörgu sinnum á undanförunum árum rætt um öryggi búfjár og villtra dýra við þjóðvegi landsins. Það er óumdeilt að hér er um mikilvægt mál að ræða varðandi velferð dýra enda ömurleg meiðsli, örkuð og þjáningar oft afleiðing fyrir dýrin fyrir utan þau skipti sem þá láta samstundis lífið. Aukin umferð á vegum gerir það að verkum að ekki má bíða lengur með aðgerðir og beinir fagráðið því til MAST að allar leiðir verði skoðaðar til að tryggja velferð dýra við þjóðvegi landsins, þar með talið tillögur um lagabreytingar ef þörf reynist á.“

Ályktunin rædd og samþykkt. Fagráð leggur til að komi verði á stýrihópi sem vinni að tillögum til stjórnvalda. Ráðið telur brýnt sé að skoða tölur um afföll sauðfjár tengt þessari ályktun og að farið verði í greiningu á vandamálinu.

3. Vanræksla dýra í Borgarfirði – Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi. Bókun.

Ályktun Fagráðs um velferð dýra vegna yfirlýsingar Samtaka um dýravelferð á Íslandi um meinta vanrækslu hrossa í Borgarbyggð

„Þann 13. október sl. barst Matvælastofnun (MAST) yfirlýsing frá Samtökum um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) tengt meintri vanrækslu á hrossum í Borgarbyggð. Samtökin kölluðu eftir tafarlausum aðgerðum af hálfu MAST í þessu máli en bentu jafnframt á að stofnunin væri eina bjargræði dýra sem lögum um velferð dýra nr. 55/2013 væri ætlað að vernda gegn illri meðferð. Telja samtökin að MAST haldi verndarhendi yfir eigendum dýra og þrátt fyrir góðan vilja stofnunarinnar gagnvart mikilvægi velferðar dýra þá fylgi athafnir ekki þeim orðum.

Það er mat Fagráðs um velferð dýra að allar tafir á úrræðum fyrir skepnur í sárri neyð séu óásættanlegar.

Fagráðið telur að öllum málum sem varða dýravelferð þurfi að fylgja góðir og skýrir verkferlar og þeir séu gagnsæir og aðgengilegir á vef stofnunarinnar. Það er mat ráðsins að of djúpt sé á þessum upplýsingum á vef MAST. Jafnframt þurfi MAST að skerpa á því hvernig tilkynningum sé sinnt, meðal annars með því að svara tilkynnanda eins fljótt og auðið er og benda á þá verkferla sem unnið sé eftir. Að veita frest til úrbóta, eins og nú er gert út frá meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, er vissulega mikilvægt. Í málum þar sem dýr sæta sannanlega illri meðferð, svo sem ef þau eru höfð í of þröngu rými, njóta ekki lögbundinnar útivistar, eða eru vanfóðruð, efast fagráðið hins vegar um réttmæti þess að veita ítrekaða fresti til úrbóta.

Fagráðið telur að MAST þurfi ávallt að tryggja að í málum sem varða velferð dýra sé dýrunum komið tafarlaust til bjargar. Séu lög og reglugerðir ekki nægilega skýr að mati stofnunarinnar verði að beina beiðni um viðhlítandi breytingar til ráðuneytisins, þannig að dýrin séu alltaf látin njóta vafans og að eignarhald umráðamanns hefji aldrei fyrir nauðsynlegum aðgerðum.

Það er mat fagráðsins að í tilvikum sem varða alvarleg frávík í dýrahaldi verði MAST að vinna af meiri festu og skoða öll möguleg úrræði til liðveislu umráðamanna dýranna með hagsmunum dýranna að leiðarljósi.“

Ályktunin rædd og samþykkt. Rædd þörf þess að Matvælastofnun hafi á sínum snærum fólk sem stofnunin getur falið að sjá um dýr og/eða búrekstur í dýravelferðarmálum. Rædd þörf á sjálfstæðri innri endurskoðun hjá stofnuninni. Ráðið ræddi að ef Matvælastofnun telji fjármagn skorta til að sinna eftirliti og tryggja dýravelferð verði að kalla eftir því.

4. Vinnureglur Fagráðs um velferð dýra – lið frestað til næsta fundar

5. Önnur mál

- A) Þóknun ráðsmanna rædd. Vísað til fyrri samskipta við ráðuneytið varðandi þóknun Fagráðs um velferð dýra. Tillaga að starfsmaður ráðsins fái yfirlit frá Matvælaráðuneytinu og upplýsingar um tilhögun greiðslna.
- B) Flugeldar og dýr. Fulltrúi dýralæknafélags Íslands bendir á að dýr fælist, tynist og slasist og að dýrum séu gefin lyf vegna flugelda í kringum áramót. Lagt til sameiginlegt átak Matvælastofnunar, Landslæknisembættisins og Umhverfisstofnunar til að minnka stórlega flugeldanotkun, þar sem unnið verður út frá hugmyndafræði „Einnar heilsu“.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 22. febrúar 2023.